

17. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Giljaskóla, 12.05.2016.

Mættir:

Finnur Víkingsson formaður, Hafþór Jörundsson, Elín Eyjólfsdóttir, Eva Hlín Dereksdóttir.

Forföll boðaði Finnur Aðalbjörnsson.

Þetta var rætt:

1. 27.4.2016 var enn og aftur rekið á eftir svörum frá Jóni Birgi og félögum og ekki búið að svara okkur fyrr en núna 12.5.2016. Þess vegna getum við ekki skilað inn óskum um hvað við viljum því við vitum ekki stöðu nefndarinnar frá síðasta ári. Formanni er falið að kría út svör.
2. Við áttum að skila inn til bæjarins tillögum fyrir 15. apríl en teljum okkur ekki fært að gera það fyrr en svör hafa fengist við okkar fyrirspurnum um stöðu nefndarinnar.
3. Aðalfundur verður haldinn um leið og svör hafa borist frá Jóni Birgi.
4. Rætt um regluskilti á brettaparkið. Við erum komin með leyfi eins og fram kom í fundargerð 15 svo nú er bara að ákveða hvaða útfærslu við viljum.



Þetta skilti varð fyrir valinu og settum við upp tvö svona eintök á sitthvorn rampinn.

5. Gengið um skólalóðina og spáð í staðsetning fyrir Hreystivöll en það er það verkefni sem nefndin vill fara í. Önnur verkefni sem voru rædd voru að malbikun á göngustígum milli F og V gilja, betri lýsing á gangbrautir og bætt lýsing við Parkið.

Fleira ekki tekið fyrir.

Finnur Víkingsson
fundaritari.